




Háteigur



15. árgangur 10. tbl.

30. nóvember 2011

☺ Sigur í Skrekk ☺

<http://hateigsskoli.is>

Frá skólastjóra

Ágætu lesendur

Nú sækir veturinn að okkur og jólin eru við næsta götuhorn. Veðurguðirnir hafa verið okkur mildir og skilst mér að snjórinn hafi verið 19 dögum á eftir áætlun. Það er þannig ár hvert sem snjórinn kemur að heldur verður meira um árekstra en venja er enda auðvelt að breyta snjónum í kúlur og stundum hættulegar kúlur. Við brýnum fyrir nemendum varkárni og tókum á hverju máli sem upp kemur. Ég hvet foreldra til að ræða við börnin sín og fylgjast sérstaklega vel með hvernig þeim líður í skólanum. Í síðustu viku lukum við okkar árlegu líðan-könnun og verða niðurstöður kynntar á kennarafundi í þessari viku. 77% nemenda á miðstigi líður vel eða mjög vel í skólanum og 80% líður vel eða mjög vel í bekknum sínum. Þetta eru svipaðar niðurstöður og við höfum fengið undanfarin ár. Á unglingsstigi líður 86% nemenda vel eða mjög vel en við mælum ekki líðan í bekk hjá þeim. Á miðstigi telja 12% nemenda að þeir séu teknir fyrir eins og það er orðað í spurningu okkar en á unglingsstigi eru það 2%. Þetta er einnig í samræmi við niðurstöður fyrr ára. Nemendur skrá nöfn þeirra sem þeir hafa áhyggjur af að séu lagðir í einelti og einnig nöfn þeirra sem þeir telja að séu að leggja í einelti. Við fáum þannig nafnalista sem eineltisteymið vinnur með. Eineltisteymið hefur þegar gert áætlun til að fylgja vísbendingum eftir og félagsráðgjafi hefur tekið viðtöl við nokkra nemendur. Forvarnarvinna Háteigsskóla gegn einelti felst í því að kennarar ræða um einelti og líðan nemenda vandlega í lok október, við leitum að einelti og spyrjum um líðan með könnun okkar og fylgjum svo hverju máli vel eftir með athugunum sem meðal annars felast í viðtölum. Einnig vil ég minna á krækju á heimasíðu skólans þar sem hægt er að tilkynna um einelti eða grun um einelti. Á yngsta stigi spyrjum við aðeins um líðan en leitum ekki að einelti. Þar brosa 73% nemenda þegar þeir fara í skólann, 25% sýna strik en 2% eru með skeifu. 90% brosa þegar þau hugsa um fristundina. Einungis 39% brosa þegar þau hugsa um matsalinn og 16% eru með skeifu á yngsta stigi. Við erum vakandi yfir því að við þurfum að bæta líðan í matsalnum. Við erum að gera

tilraunir með að minnka hávaða. Nemendur standa sig almennt vel en salurinn er ekki hentugur og magnar upp öll hljóð enda hannaður sem sýningarsalur. Við biðum eftir hljóðmælingu sem mun fljótlega fara fram á húsnæðinu; einnig verður hljóðvist mæld á meðan salurinn er í notkun. Við erum hins vegar með hljóðmæli í gangi og reynum að lækka hljóðið þegar viðvörunarljósið kviknar. Maturinn og matseðillinn er svo í stöðugri umræðu.

Í haust byrjuðum við að taka þátt í Skólapúlsinum. Þar er tveimur könnunum lokið en við höfum ekki fengið niðurstöðu úr nóvemberkönnuninni. Við erum enn að átta okkur á því hvernig við nýtum Skólapúlsinn best fyrir skólann. Hægt er að lesa um Skólapúlsinn á skolapulsinn.is.

Mat á skólatafni er eins og sést á þessu orðinn sjálfsagður þáttur í skólatafni. Niðurstöður mats hjálpa okkur að miða út það sem betur má fara.

Með góðri kveðju á aðventu,

Ásgeir Beinteinsson
skólustjóri Háteigsskóla

Boð í hangikjöt

Ágætu foreldrar

Í tilefni jólanna viljum við, eins og undanfarin ár, bjóða ykkur að koma og borða hangikjöt með börnum ykkar. Mæting er eins og hér segir:

Miðvikudagur 7. desember kl. 11:30: 3. og 4. bekkur

Miðvikudagur 7. desember kl. 12:10: 1. og 2. bekkur

Fimmtudagur 8. desember kl. 11:30: 6. bekkur

Fimmtudagur 8. desember kl. 12:10: 5. og 7. bekkur

Föstudagur 9. desember kl. 12:00: 8.-10. bekkur

Eins og í fyrra styrkir foreldrafélag skólans verkefnið og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir það.

Með jólakveðju frá starfsfólki Háteigsskóla

Besta orðið mitt

I

Ég, ég, ó, ég. Það er besta orðið mitt.

Gerðu það sjálf. Það er besta setningin mín.

II

Þú, þú, þú, fallega þú, þú með yndislega brosið.

Undarlega þú horfir á mig en samt með fallega brosið.

Snædís Laura Heimisdóttir Paz, 7. bekkur

Skrekkur 2011

Úrslitakeppni Skrekks 2011 var haldin 21. nóvember í Borgarleikhúsinu. Skrekkur er hæfileikakeppni grunnskóla í Reykjavík og þurfa nemendur að sýna frumsamin atriði sem getur innihaldið leik, söng, dans eða allt í senn.

Fjöldmörg frábær atriði voru sýnd frá þeim átta skólum sem komust áfram úr undanúrslitum.

Okkar fjölbæfu nemendur gerðu sér lítið fyrir og sigruðu í Skrekk í fyrsta sinn í sögu keppinnar!

Geta má þess að í flestum skólum er valið úr hópi þeirra nemenda sem óska eftir að taka þátt í Skrekk, en hjá okkur geta allir 9. og 10. bekkingar tekið þátt ef þeir óska þess.

Nemendahópnum og Kolbrúnu Önnu Björnsdóttur, kennara og leikkonu, sem leiðbeindi hópnum, óskum við hjartanlega til hamingju með frábæran árangur.

Norræn orðabók á netinu

Á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember, var íslensk-skandinavíska veforðabókin ISLEX opnuð. ISLEX er orðabókarverk sem er unnin var á vegum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í samstarfi við háskóla- og rannsóknarstofnanir á Norðurlöndum. Orðabókin er öllum aðgengileg og gjaldfrjál.

Skortur hefur verið á orðabókum í norrænum tungumálum. Í veforðasafninu er í öllum tilvikum gengið út frá íslenskri tungu og gagnast því nemendum sem leggja stund á dönsku, norsku og sænsku.

Komin er krækja á orðabókina á heimasíðu skólans, en slóðin á síðuna er: www.islex.hi.is

Sagan 1001 nótt og ritun barna

Kennaranemar á kjörsviðinu: Tónlist, leiklist, dans í Háskóla Íslands, menntavísindasviði, hafa í haust unnið að verkefni í tengslum við söguna „Þúsund og ein nótt“. Verkefnið hafa þeir tengt við ritun barna í skólastarfi. Eins og margir vita, þá fjallar þessi saga um arabískan kóng í gamla daga sem vildi lífláta konu sína eftir brúðkaupsnóttina þar sem hann treysti ekki kvenfólki. Til þess að halda lífi sagði hún honum sögu, en hætti í miðju kafi þannig að kóngurinn var forvitinn. Hann gaf konu sinni líf í eina nótt þannig að hann fengi framhald sögunnar morguninn eftir. Er ekki að orðlengja það að þannig gekk þetta í þúsund og eina nótt og auðvitað varð kóngurinn ástfanginn að lokum og lifði vel og lengi með konu sinni!

Í kennaranámi sínu langaði nemandi að semja verkefni sem efldi ritun barna. Þeir bjuggu því til leikrit með þátttöku 10 ára skólabarna úr Háteigsskóla í huga. Börnin voru heimsótt í skólann og þau beðin um að hjálpa drottningunni, hún væri orðin uppiskroppa með sögur og líf hennar lægi við að einhver hjálpaði henni að semja sögur. Nemendur voru fljótir að samþykkja að hjálpa drottningu og semja sögur fyrir hana. Það gerðu þeir næstu daga, en komu síðan með sögurnar sínar og afhentu þær. Um leið voru þeir boðnir í sagnaleikhús þar sem þeir tóku þátt í leiksýningu úr einni af sögunni sem ber heitið: „Ali baba og ræningjarnir 40.“

Þarna unnu skólakrakkar og kennaranemar saman að því að efla ritun um leið og þeir léku saman ævintýri.

Ása Helga Ragnarsdóttir, leiklistarkennari í HÍ

Tröllin

Einu sinni voru tröllamaður og kona í mannamó (sem er að tína fólkið). En einn daginn komu þúsund manns af fólki og ætlaði að drepa tröllin. Fólkið drap konuna og tröllapabbi sagði þá, „stopp. Við ættum ekki að vera að berjast, við ættum að vera vinir.“ Fólkið sagði, „hmmmm, ókei, verum vinir.“

Kristján Ingi Valdísarson, 6. bekk

Nýtt námsefni frá SAFT og endurnýting

Mánudaginn 28. nóvember var athöfn í sal Háteigsskóla með þátttöku Katrínar Jakobsdóttur menntamálaráðherra, framkvæmdastjóra Heimilis og skóla og fulltrúa SAFT, þar sem bókin Rusleyjan var afhent ráðherra, 6. bekkingar sýndu spunaverkið Heimkomuna og formleg söfnun á endurnýtanlegum smá-raftækjum hófst.

Bókin Rusleyjan er eftir Þórarín Leifsson og fjallar hún um jákvæða notkun netsins og annarra nýmiðla og um mikilvægi og endurvinnslu. Bókinni fylgja handrit og framkvæmdarlýsing að jafningjafræðslu og spunaleikverkinu Heimkomunni sem er eftir Rannveigu Þorkeldsdóttur leiklistarkennara.

Bæði lestrarbók og leikrit verða send á alla grunnskóla landsins án endurgjalds fyrir jól. Samhliða verður mikilvægi endurnýtingar á gömlum smá-raftækjum kynnt fyrir nemendum, forráðamönnum þeirra og starfsfólki grunnskóla. Slík tæki, sem liggja víða á heimilum, er hægt að endurnýta með litlum tilkostnaði og gefa annað líf.

Í tengslum við verkefnið mun ungmennaráð SAFT ferðast um landið og vera með jafningjafræðslu samhliða uppsetningu leikritsins.

Þá geta nemendur og skólafélög safnað ónýtum og gömlum smáraftækjum (GSM sínum, fartölvum, stafrænum myndavélum, stafrænum upptökuvélum, netlyklum og MP3 spilurum) í fjáröflunarskyni. Hægt er að safna til einstakra verkefna, svo sem fyrir skólann sinn, skólaferðalög eða fyrir góðferðarfélög. Græn framtíð mun greiða fyrir þann búnað sem safnast, en hann verður fluttur út til endurnýtingar og öðlast væntanlega nýtt líf í nýju landi.

Á heimasíðu verkefnisins, rusleyjan.is er nánari lýsing á verkefninu.

Ef ég væri tré

Ef ég væri tré þá væri ég ösp. En þá myndi afi minn eiga mig. Ég væri mjög leið ef að krakkar myndu brjóta greinarnar á mér og sparka í mig. Ég væri dökkgræn á litinn og ég væri mjög há. Það myndi íkorni búa inni í mér og hann væri búinn að safna mjög miklu af hnetum. Á hverjum morgni myndu fuglarnir setjast á greinarnar mínar og syngja svo yndislega fyrir mig. En ég gæti ekki talað né andað. Svo væri geitungabú inni í mér. Mjög oft suðuðu geitungarnir þegar þeir væru að taka hunang úr blómunum sem væru út um allt. Einn daginn kom köttur og klifraði upp í hárið á mér og mig kitlaði ofsalega mikið. Svo komu krakkar og hengdu eina rólu á höndina mína og hún var mjög þung. Einu sinni kom lítill snáði og knúsaði mig. Það var mjög gott.

Elín Katla Henrysdóttir, 3. bekk

☪ Spakmæli mánaðarins: ☪
Maður getur ekki vænst hins besta af lífinu
ef maður gerir sjálfur ekki sitt besta.